

# EFTIRLITSSKÝRSLA

## VESTURBYGGÐ, URÐUN VATNSEYRARHLÍÐAR

---

<b>Dagsetning</b>	28.10.2011	<b>Fulltrúi UST</b>	Sigrún Guðmundsdóttir
<b>Fyrirtæki</b>	Vesturbyggð	<b>Starfsleyfi, gildir til</b>	18.12.2012
<b>Heimilisfang</b>	Aðalstræti 63, 450 Patreksfj.	<b>Tegund eftirlits</b>	Reglubundið
<b>Kennitala</b>	510694-2396	<b>Fulltrúar fyrirtækis</b>	Ármann Halldórsson
<b>Isat nr.</b>	38.21.0	<b>Staðsetning starfstöðvar (hnit)</b>	
<b>Starfsemi</b>	urðun úrgangs		

---

### NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Gerð er ein athugasemd og 6 frávik staðfest. Athugasemdin varðar stöðugleika urðunarhaugs en frávikin varða meðhöndlun á úrgangstimbri en ekki er heimild fyrir slíku í starfsleyfi, úrgangsefni eru utan urðunarsvæðis í Vatnseyrarhlíðum og huga þarf að því að úrgangur sé birgður svo stemmt sé stigu við foki. Þá er aðgangsstýring að svæðinu ekki nægileg og staðfesting um ábyrgðartryggingu, áhættumat og viðbragðsáætlun vegna mögulegrar hættu á bráðamengun og starfsleyfistryggingu vantar. Mælingar á vatni í samræmi við starfsleyfi hafa ekki farið fram. Umhverfisstofnun mælir með að vinna við endurskoðun starfsleyfis verði hafin sem fyrst.

### UMFANG EFTIRLITS

Farið var yfir ákvæði starfsleyfis og reglugerðar 738/2003 um urðun úrgangs, er varða meðhöndlun úrgangs og skyldur rekstraraðila er varða hættu á bráðamengun hafs og stranda skv. lögum þar um. Haldinn var síma-samráðsfundur með Ármanni Halldórssyni Vesturbyggð og Antoni Helgasyni Heilbrigðiseftirliti Vestfjarða þann 1.11.2011 um fyrrnefnda þætti sem og almennt um urðunarstaðinn og starfsleyfi hans. Urðunarsvæðið var skoðað. Á samráðsfundi var rekstur urðunarstaðarins ræddur, frávik og athugasemdir. Hvað snertir stöðugleika urðunarstaðar kom fram að farið verði yfir staðsetningu urðunarstaðarins (hvort hún sé heppileg) við endurskoðun starfsleyfis, en starfsleyfið rennur út nú í árslok.



## FRÁVIK<sup>i</sup> OG ATHUGASEMDIR<sup>ii</sup>

### Frávik 1:

Talsvert var af timburúrgangi en ekki er heimild fyrir urðun hans á svæðinu.

**Fráviki frá:** Ákvæði 1.1. starfsleyfis, þar sem segir fyrir um þá úrgangsflokka sem heimilt er að meðhöndla á svæðinu, en þar á meðal er ekki timburúrgangur.

Hafi rekstraraðili hug á geymslu ákv. úrgangstegunda á svæðinu ber honum að tilkynna stofnuninni breytingu á rekstri skv. 18. gr. reglugerðar 785/1999.

### Frávik 2:

Urðunarsvæðið hefur ekki verið girt af og aðgangur af vegi er einnig óhindraður (hlið skal læst utan starfstíma). Eins og fyrr hefur verið bent á er mikilvægt að girða svæðið af svo óviðkomandi eigi ekki óheftan aðgang að svæðinu.

**Fráviki frá:** Ákvæði 3.2.4 í starfsleyfi, en samkvæmt því skal aðgangur manna og skepna að svæðinu hindraður með girðingu og hlið skulu vera læst utan afgreiðslutíma.

### Frávik 3:

Umhverfisstofnun hefur ekki borist staðfesting um ábyrgðartryggingu, áhættumat og viðbragðsáætlun vegna mögulegrar hættu á bráðamengun.

**Frávik frá:** 18. gr. laga nr. 33/2004, um varnir gegn mengun hafs og stranda, en samkvæmt henni ber rekstraraðila að gera áhættumat vegna mögulegrar bráðamengunar frá starfsemi, sem og viðbragðsáætlun. Eins ber rekstraraðila að taka ábyrgðartryggingu vegna mögulegs bráðamengunartjóns sbr. 16. gr. fyrrgreindra laga.

### Frávik 4:

Rekstraraðili hefur ekki lagt fram starfsleyfistryggingu, þ.e. fullnægjandi fjárhagslega tryggingu eða ábyrgð fyrir því að staðið verði við þær skyldur sem starfsleyfinu fylgja.

**Frávik frá:** Grein 17. í reglugerð 238/2003 um urðun úrgangs, en samkvæmt greininni skal rekstraraðili leggja fram fullnægjandi fjárhagslega tryggingu eða ábyrgð vegna þeirra skyldna sem starfsleyfið hefur í för með sér.

### Frávik 5:

Nokkuð er af úrgangi í Vatnseyrarhlíðum, neðan urðunarstaðar. Sjá þarf til þess að úrgangurinn verði fjarlægður í hlíðinni (utan urðunarsvæðis). og að umgengni á svæðinu sé góð, m.a. að úrgangur sé birgður í lok þess dags sem hann berst.

**Fráviki frá:** Ákvæði 1.2 í starfsleyfi sem segir fyrir um að úrgangur skuli meðhöndlaður þannig að hann valdi ekki ónæði eða óþrifnaði. Þá skal samkv. ákv. 3.2.3 fyrirbyggja fok úrgangsefna á urðunarsvæðinu eins og unnt er og úrgangur skal birgður sama dag og hann berst.



## Frávik 6:

Niðurstöður mælinga á vatnssýnum frá urðunarstaðnum hafa ekki borist Umhverfisstofnun síðustu ár.

**Fráviki frá:** Ákvæði 4.3 í starfsleyfi en samkvæmt því skal árlega mæla ákv. eðlisþætti og þungmálma í vatnssýnum.

**Athugasemd 1:** Traust staðsetning urðunarhaugs í halla getur verið vandmeðfarin. Spurning er hvort stöðugleiki urðunarhaugsins sé nægilegur. Á þetta atriði var einnig bent í síðustu eftirlitsskýrslu. Samkvæmt 6. gr. í l.viðauka reglugerðar 738/2003 um urðun úrgangs skal koma úrgangi þannig fyrir á urðunarstað að haugurinn verði sem stöðugastur.

## Önnur atriði:

Samráðsfundur hefur verið haldinn vegna endurnýjunar starfsleyfis, en gildistími þess er á enda 18.12.2012. Vakin er athygli á að endurnýjun starfsleyfis tekur nokkurn tíma og er heppilegt að hefja vinnslu þess áður en langt um líður.

Reykjavík, 5.1.2012

---

Undirskrift eftirlitsaðila

---

<sup>i</sup> **Frávik:** Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

<sup>ii</sup> **Athugasemd:** Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.

